

Skólaráð Naustaskóla

9. fundur ársins 2010 þann 12. nóvember kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Björk Guðmundsdóttir – aðrir forfallaðir

Fulltrúar starfsmanna: Brynja Dögg Hermannsdóttir, Gyða Björk Aradóttir.

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson, Tumi Hrafn Kúld.

Dagskrá og afgreiðslur:

- Útlit og horfur.** Lítillega rætt um skólastarfið, fjárhagsáætlun, húsnæðismál o.fl. Af húsnæðismálum er það að fréttu að uppsteypa á 2. áfanga skólahússins verður boðin út um áramót og er stefnt að því að húsið verði steipt upp á árinu 2011. Haustið 2012 á að verða tilbúin álman sem mun hýsa unglingastig, smíðastofu, myndmenntastofu, textílstofu og félagsaðstöðu nemenda. Hinir hlutarnir verða svo væntanlega kláraðir á árunum 2012-2015.
- Afstaða skólans til heimsókna trúfélaga / afhendingu trúarrita.** Miklar umræður hafa verið undanfarið í þjóðfélaginu almennt um þessi mál. Fulltrúar Gídeonfélagsins hafa komið í Naustaskóla og afhent 5. bekk Nýja testamentið en nú í haust var hafður sá háttur á að foreldrar voru látnir vita með fyrirvara og áttu kost á að afþakka ritið og afhendingu á því fyrir hönd barna sinna. Skólaráð er á þeirri skoðun að ekki sé ástæða til að loka á heimsóknir frá fulltrúum trúfélaga í skólann, eða afhendingu trúarrita, en tryggja skuli að foreldrar séu upplýstir fyrirfram um allar slíkar heimsóknir þannig að þeim gefist ráðrúm til að spyrja, gera athugasemdir og afþakka fyrir hönd barna sinna ef ástæða þykir til.
- Starfsreglur nemendaráðs.** Kynnt drög að starfsreglum fyrir nemendaráð / lögum nemendafélags, en þær voru mótaðar á fundi nemendaráðs skólans fyrir skömmu. Ákveðið var að gera breytingu á 5. grein reglnanna sem hljóðar þá svo: "*Allir nemendur skólans eru félagar í NN. Nemendaráð f.h. Nemendafélagsins getur haft með höndum sjoppurekstur og stadið fyrir atburðum og uppákomum til fjáröflunar. Ágóða sem verður til við slíkan rekstur skal fyrst og fremst varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna ferðalaga nemenda.*" Starfsreglurnar samþykktar með áorðnum breytingum.
- Þátttaka nemenda í skólaráði.** Rætt um þátttöku fulltrúa nemenda í skólaráði. Ákveðið að hafa þá þumalputtareglu að fulltrúar nemenda sitji fundi nema ef tekin eru til umfjöllunar málefni einstaklinga s.s. þegar fjallað er um ráðningar starfsmanna.
- Upplýsingamiðlun til fulltrúa foreldra.** Ákveðið að fulltrúar foreldra í skólaráði fái framvegis sendan vikulegan tölvupóst sem skólastjóri sendir til starfsmanna til upplýsingamiðlunar o.fl. Í einstökum tilfellum þarf að gæta trúnaðar varðandi mál sem þar eru kynnt.

6. **Félagsstarf nemenda.** Rætt um félagsstarf nemenda, fram hefur komið hjá nemendaráði að þörf sé á auknu félagsstarfi. Foreldrafélagið hefur nýverið ýtt á bekkjarfulltrúa um að koma af stað bekkjarkvöldum þar sem þau hafa ekki þegar verið haldin. Skólastjóri hefur verið í sambandi við stjórn félagsmiðstöðva og er stefnt að því að byrjað verði að hafa "miðstigsopnanir" á vegum félagsmiðstöðvar frá og með áramótum. Á móti getur skólinn einnig staðið fyrir einhverjum uppákomum, með aðstoð foreldra. Eldri nemendur skólans eiga aðkomu að félagsmiðstöðinni Tróju en þörf er á að fá kynningu inn í skólann á starfi hennar. Skólastjóri athugar það mál.

7. **Önnur mál.**

- a. Önnur mál sem fulltrúi foreldra hafði sent sem hugsanleg umræðuefni verða tekin fyrir á næsta fundi, þ.e. réttindi nemenda, námsaðlögun, sveigjanleiki, samkennsla árganga, mötuneyti o.fl.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 10. desember 2010.

Fleira ekki tekið fyrir,
Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð